

Dr. Lauge Koch og jarðfræði Íslands.

Mér þótti vænt um þá frétt, að dr. Lauge Koch ætlaði að fara að fást við jarðfræði Íslands. Dr. Koch er einn af mestu skörungunum í jarðfræði vorra daga, og munu rannsóknir þær sem hann ásamt aðstoðarmönnum sínum hefir framkvæmt á Grænlandi, vera með því allra merkilegasta sem unnið hefir verið af því tagi á þessum tímum. En svo skylt er sumt í jarðfræði Grænlands og Íslands, að það er sist að furða þó að hinn mikli Grænlandskönnuður hafi hug á að kynast einnig Íslandi. Verður hann ekki einn við rannsóknirnar hér á landi, fremur en á Grænlandi og heyrft hefi eg að honum sé hugur á að fá íslenska náttúrufræðinga til að vera í verki með sér. Væri fyrir margra hluta sakir óskandi, að það sámsstarf gæti tekist. Er hér mikið verk að vinna fyrir jarðfræðinga, þó að talsvert hafi þegar verið að gert, og jafnvel meira en búast hefði mátt við, þegar þess er gætt hve litlu hef-

ir verið til kostað. Er það mikið vanþakklæti gagnvart þeim mönnum sem á síðastliðnum 2—300 árum hafa unnið að rannsókn landsins — en í þeirra tölu hafa verið sumir af mestu gáfumönnum þjóðarinnar, eins og Vísi-Gísli, Sveinn Pálsson og Jónas Hallgrímsson — að segja eins og gert var í einhverri frumvarpsgreinargerð í vetur, að jarðfræði lands vors sé sama sem órannsókuð.

II.

Með þessum fyrirhugaða leiðangri dr. Lauge Koch's má segja að verði aldaskifti í rannsóknasögu Íslands. Að minsta kosti er óhætt að fullyrða þetta nú þegar að því er tilkostnaðinn snertir, ef rétt reynist sú fregn, að fé það sem fengist hefir til þessara þriggja ára rannsóknna hér á landi, sé 100.000 kr. eða jafnvel meira. Er þetta mikil breyting til batnaðar frá því sem áður hefir verið. Má hér minnst þess að Sveinn Pálsson, sem var svo framúrskarandi

náttúrufræðingur, að ástæða er til að ætla að hann hefði við betri ástæður og hjá stærri þjóð, áunnið sér heimsnafn, varð að hætta rannsóknum sínum sakir fjárskorts og gat jafnvel ekki fengið prentað það sem hann hafði ritað um ferðir sínar og rannsóknir; en Jónas Hallgrímsson, einn af allra mestu snillingum sinnar samtíðar, var svo féltill, að hann átti stundum ekki fyrir máli matar. En mér má minnstætt vera hversu óriflega horfði í þessum efnum rúmri öld eftir að Sveinn Pálsson hafði orðið að hætta við hinar merkilegu rannsóknir sínar. Nokkru fyrir aldamót sótti eg til alþingis um 500 kr. til jarðfræðirannsókna hér á landi, en umsókn þessi var ekki talin þess verð að ræða hana á þingfundi. Mætti þó ýmislegt nefna, sem virtist styðja að því jafnvel meir en í meðallagi, að ~~rann~~ rannsókninni væri gaumur gefinn. Eg reyndi þá fyrir mér í Danmörku, en það var ekki fyr en í annari atrennu

sem mér tókst að fá þar 600 kr. til að hefja rannsóknir mínar. Geta menn af þessu sem sagt hefir verið, séð hve mjög er nú öldin önnur, og er ástæða til að gera sér vonir um glæsilegan árangur þar sem fjárafli er slikur, og mannaflí mikill og góður. Hefi eg þar auðvitað cinnig í huga hina íslensku náttúrufræðinga sem eg vona að taki þátt í rannsóknaverkinu. Vil eg að endingu láta þess óskað, að dr. Lauge Koch megi auðnast að verða íslenskri jarðfræði eitthvað líkur því sem hinn mikli ágætismaður Rasmus Rask varð íslenskri menta- starfsemi á öðru sviði.

6. ág.

Helgi Pjeturss.

Leiðrétting.

Í grein minni hér í blaðinu 28./7, sem betra er að heiti: Austræn opinberun og vestræn upplýsing, hafði misprentast jarðskjálftarnir — sem mikinn skaða gerðu sér f. sk. g. hér.

H. P.

V. 1935